

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 4. mars 1974

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi lóð sem eru frá 1 mg og upp í 50 kg að þyngd í hærri nákvæmnisflokkum

(74/148/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Smíði og skoðunaraðferðir lóða í hærri nákvæmnisflokkum er háð ströngum ákvæðum sem eru breytileg frá einu aðildarríki til annars og hindra þar af leiðandi viðskipti með þessi lóð. Því er nauðsynlegt að samhæfa þessi ákvæði.

Í tilskipun ráðsins frá 26. júlí 1971 <sup>(1)</sup>, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit, var kveðið á um aðferðir við EBE-mynsturviðurkenningu og EBE-frumsannprófun. Samkvæmt þeirri tilskipun skal mæla fyrir um tækniforskriftir sem lóð í hærri nákvæmnisflokkum skulu uppfylla til að setja megi þau óheft á markað og taka í notkun eftir sannprófanir og þegar EBE-frumsannprófunmerki hefur verið fest á þau.

Taka skal mið af drögum að alþjóðlegum tilmælum Alþjóðalögmælifræðistofnunarinnar, „Valeur conventionnelle du résultat des pesées dans l'air“ frá maí 1973, um hugtakið „viðtekinn massi“.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun tekur til lóða í hærri nákvæmnisflokkum sem hafa nafngildi sem er jafnt og eða meira en 1 mg eða jafnt og eða minna en 50 kg.

Þessi tilskipun tekur ekki til metrakaratslóða eða sérstakra lóða sem aðrar tilskipanir gilda um.

2. gr.

Lóð sem mega fá EBE-merki og -tákn eru tilgreind í viðaukanum. Þau þurfa ekki að fá EBE-mynsturviðurkenningu; þau þurfa að fá EBE-frumsannprófun.

3. gr.

Engu aðildarríki er heimilt að hafna, banna eða takmarka notkun eða markaðssetningu lóða sem um getur í 1. gr. ef á lóðunum er merki um EBE-frumsannprófun.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. mars 1974.

Fyrir hönd ráðsins,

W. SCHEEL

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 202, 26. 7. 1971, bls. 1.

## VIÐAUKI

## 1. Skilgreiningar

## 1.1. Lóð

Áþreifanlegt mæliáhalð fyrir massa með lögboðnum smíða- og mælifræðilegum eiginleikum: lögur, stærð, efni, áferð, nafngildi og heimilað hámarksfrávik.

## 1.2. Lóðasamstæða

Röð lóða sem venjulega eru saman í kassa og eru þannig saman sett að unnt er að vigta allar hleðslur frá minnstu nafnþyngd upp í summu allra lóðanna í samstæðunni, í röð þar sem lóðið með minnstu nafnþyngdina í samstæðunni er einingin.

Röð í lóðasamstæðu er gjarnan á þennan hátt:

$(1; 1; 2; 5) \times 10^n$  kg

$(1; 1; 1; 2; 5) \times 10^n$  kg

$(1; 2; 2; 5) \times 10^n$  kg

$(1; 1; 2; 2; 5) \times 10^n$  kg

Í þessum yrðingum er n ýmist núll eða heil jákvæð eða neikvæð tala.

## 1.3. Staðallóð

Lóð sem eru notuð við skoðun voga og lóða eru nefnd staðallóð.

## 2. Nafngildi lóða

Nafngildi lóða skal vera jafnt  $1 \times 10^n$  kg,  $2 \times 10^n$  kg eða  $5 \times 10^n$  kg; í þessum yrðingum er n ýmist núll eða heil jákvæð eða neikvæð tala.

## 3. Viðtekin massi

3.1. Við 20 °C er viðtekinn massi lóðs massi viðmiðunarlóðs með 8 000 kg/m<sup>3</sup> massaþéttleika sem heldur jafnvægi í lofti með 1,2 kg/m<sup>3</sup> massaþéttleika.

3.2. Heimiluð hámarksfrávik sem um getur í 4. lið eiga við um viðtekinn massa.

## 4. Heimiluð hámarksfrávik fyrir EB-frumsannprófun

4.1. Jákvæð eða neikvæð heimiluð hámarksfrávik fyrir hvert lóð eru sýnd í millígrömmum í eftirfarandi töflu:

Nafngildi	Flokkur E <sub>1</sub>	Flokkur E <sub>2</sub>	Flokkur F <sub>1</sub>	Flokkur F <sub>2</sub>	Flokkur M <sub>1</sub>
50 kg	25	75	250	750	2 500
20 kg	10	30	100	300	1 000
10 kg	5	15	50	150	500
5 kg	2,5	7,5	25	75	250
2 kg	1,0	3,0	10	30	100

Nafngildi	Flokkur E <sub>1</sub>	Flokkur E <sub>2</sub>	Flokkur F <sub>1</sub>	Flokkur F <sub>2</sub>	Flokkur M <sub>1</sub>
1 kg	0,50	1,5	5	15	50
500 g	0,25	0,75	2,5	7,5	25
200 g	0,10	0,30	1,0	3,0	10
100 g	0,05	0,15	0,5	1,5	5
50 g	0,030	0,10	0,30	1,0	3,0
20 g	0,025	0,080	0,25	0,8	2,5
10 g	0,020	0,060	0,20	0,6	2,0
5 g	0,015	0,050	0,15	0,5	1,5
2 g	0,012	0,040	0,12	0,4	1,2
1 g	0,010	0,030	0,10	0,3	1,0
500 mg	0,008	0,025	0,08	0,25	0,8
200 mg	0,006	0,020	0,06	0,20	0,6
100 mg	0,005	0,015	0,05	0,15	0,5
50 mg	0,004	0,012	0,04	0,12	0,4
20 mg	0,003	0,010	0,03	0,10	0,3
10 mg	0,002	0,008	0,025	0,08	0,25
5 mg	0,002	0,006	0,020	0,06	0,20
2 mg	0,002	0,006	0,020	0,06	0,20
1 mg	0,002	0,006	0,020	0,06	0,20

## 5. Lögun lóða

Eins gramms lóð getur verið margfeldi eins gramms eða brot af því.

- 5.1. Eins gramms lóð og lóð sem eru margfeldi af grammi.
  - 5.1.1. Lóð í flokki M<sub>1</sub> skulu vera eins að lögun og lóð í millinákvæmnisflokki.
  - 5.1.2. Lóð í öðrum nákvæmnisflokkum skulu vera að ytra máli eins og lóð í millinákvæmnisflokki. Lóð frá 10 kg til 1 gramms geta verið sívöl eða að lögun eins og stúfur sem er örlítið keilulaga með hnapplaga handfangi ofan á.
    - 5.1.2.1. Hæð sjálfs lóðsins skal vera nokkurn veginn jöfn meðalþvermálinu og leyfilegur munur meðalþvermáls og hæðar á milli 3/4 og 5/4 þess þvermáls.
    - 5.1.2.2. Á öllum lóðum skal hæð hnapplaga handfangs liggja á milli meðalþvermáls sjálfs lóðsins og helmings þess þvermáls.
  - 5.1.3. Á lóðum í flokki E<sub>1</sub>, E<sub>2</sub> og F<sub>1</sub> er ekki skylt að hafa hnapplaga handfang; þau geta verið einfaldur sívalningur að lögun.
  - 5.1.4. Lóð í flokki E<sub>1</sub> og E<sub>2</sub> skulu steipt í einu lagi; í lóðum í öðrum flokkum er leyfilegt að hafa stillihólf sem er lokað með hnapplaga handfanginu eða öðrum hentugum búnaði. Rúmmál stillihólfs skal ekki vera meira en sem nemur 1/5 af heildarrúmmáli lóðsins.
- 5.2. Lóð sem eru eitt gramm og lóð sem eru brot úr grammi. Lóð sem eru eitt gramm og lóð sem eru brot úr grammi skulu vera samsett úr marghyrnum þynnum eða þráðum og þannig að lögun að auðvelt sé að handleika þau.

Lögun lóðanna skal gefa til kynna nafngildi þeirra.

Marghyrndar þynnur, lögun og gildi:

þríhyrningur fyrir 1 — 10 — 100 — 1 000 mg

ferhyrningur fyrir 2 — 20 — 200 mg

fimmhyrningar fyrir 5 — 50 — 500 mg

Marghyrndir þráðhlutar og gildi þeirra:

1 hluti fyrir 1 — 10 — 100 — 1 000 mg

2 hlutar fyrir 2 — 20 — 200 mg

5 hlutar fyrir 5 — 50 — 500 mg

Nú er tvö lóð eða fleiri í samstæðu eins og skal þá aðgreina þau með einni eða tveimur stjörnum eða punktum ef um er að ræða lóð úr þynnum en með einum eða tveimur krókum ef um er að ræða lóð úr þráðum.

- 5.3. Leyfilegt er að lóð sem eru 20 og 50 kg þung og tilheyra ekki flokki M<sub>1</sub> hafi þá lögun sem best hentar fyrirhugaðri notkun þeirra.

## 6. Smíðaeefni lóða

- 6.1. Lóð skulu gerð úr málmi eða málmblöndu. Gæði málsins eða málmblöndunnar skulu vera slík að rýrnun lóðanna, við eðlilegar notkunaraðstæður, sé hverfandi miðað við heimiluð hámarksfrávik í nákvæmnisflokki þeirra.

- 6.1.1. Lóðin skulu vera nægilega þétt til að 10% breyting á loftþéttleika miðað við þann þéttleika sem tilgreindur er (1,2 kg/m<sup>3</sup>) leiði af sér frávik sem er ekki meira en 1/4 af heimiluðu hámarksfrávik.

- 6.1.2. Málmur eða málmblanda sem lóð í flokkunum E<sub>1</sub>, E<sub>2</sub> og F<sub>1</sub> eru gerð úr skal vera því sem næst ósegulmagnaður.

- 6.2. Málmur eða málmblanda sem 5 til 50 kg réttthyrningslaga lóð í flokki M<sub>1</sub> eru gerð úr skal að minnsta kosti standast ryð og slit jafnvel og grátt steypujárn.

- 6.3. Sívöl lóð í flokki M<sub>1</sub> sem hafa nafngildi jafnt og eða minna en 10 kg skulu gerð úr látúni eða öðru efni sem samsvarar að minnsta kosti látúni að gæðum.

- 6.4. Heimilt er að þeim eiginleikum sem um getur í liðum 6.2 og 6.3 sé náð fram með viðeigandi meðferð á yfirborði.

## 7. Áferð yfirborðs

- 7.1. Yfirborð lóðanna, að meðtöldum botni þeirra og brúnum, skal vera algerlega slétt. Yfirborð lóða í flokki E<sub>1</sub>, E<sub>2</sub>, F<sub>1</sub> og F<sub>2</sub> skal vandlega fægt og ekki sýnast gropið sé það skoðað berum augum.

Yfirborð sívalra 10 kg til 1 kg lóða í flokki M<sub>1</sub> skal fægt og ekki sýnast gropið sé það skoðað berum augum. Áferð yfirborðs 50, 20, 10 og 5 kg réttthyrningslaga lóða í flokki M<sub>1</sub> skal sambærilegt við steypujárn sem er vandlega steipt í móti úr fínum sandi.

- 7.2. Leyfilegt er að yfirborð lóða í flokki E<sub>1</sub>, E<sub>2</sub>, F<sub>1</sub> og F<sub>2</sub> sem eru eins eða fleiri gramma þung sé varið með málmhúð.

- 7.3. Leyfilegt er að yfirborð lóða í flokki M<sub>1</sub> sem eru eins eða fleiri gramma þung sé varið með heppilegri húð.

## 8. Stillingarefni

Lóð í nákvæmnisflokkum F<sub>1</sub> og F<sub>2</sub> sem hafa stillihólf skulu stillt með sama efni og þau eru gerð úr eða með hreinu tini eða með mólýbdeni.

Stilla má lóð í flokki  $M_1$  með blyi.

9. **Áletranir**

9.1. Lóð úr þynnum eða þráðum sem hafa nafngildi minna en eða jafnt og eitt gramm skulu ekki merkt með nafngildi.

9.2. Lóð sem hafa nafngildi sem er jafnt og eða meira en eitt gramm:

- skulu ekki merkt með nafngildi í flokkum  $E_1$  og  $E_2$ ;
- skulu, í flokki  $F_1$ , einungis merkt með nafngildi eins og mælt er fyrir um í lið 9.2.1; merkingin skal vera sorfin eða grafín í;
- skulu, í flokki  $F_2$ , merkt eins og lóð í flokki  $F_1$  að viðbættum bókstafnum F;
- skulu, í flokki  $M_1$ , hafa nafngildi í tölum á eftir tákni viðkomandi einingar, ýmist upphleypt eða grafið í, ofarlega á lóðinu sjálfu eða á hnappлага handfangi.  
Sívöl lóð skulu merkt með bókstafnum „M“, ýmist upphleyptum eða gröfnum í; réttthyrningslaga lóð skulu merkt með bókstafnum „M“ sem þarf hvorki að vera upphleyptur né grafinn í.

9.2.1. Nafngildi lóðanna skal sýnt í:

- kílógrömmum á lóðum sem eru 1 kílógramm eða meira,
- grömmum á lóðum sem eru 1 til 500 grömm.

9.2.2. Lóð sem eru tvö eða þrjú í samstæðu skulu auðkennd með einni eða tveimur stjörnum eða einum eða tveimur punktum.

10. **Merki um EBE-lokasannprófun**

Á öllum kössum sem í eru lóð í flokki  $E_1$ ,  $E_2$  og  $F_1$ , svo og öllum kössum sem í eru eins gramms lóð og tugamargfeldi af grammi skal vera merki um EBE-lokasannprófun.

Á lóð í flokki  $F_2$  skal festa merki um EBE-lokasannprófun á lok stillihólfs en ef stillihólf er ekki fyrir hendi á botn lóðsins. Á eins gramms til 50 kg lóð í flokki  $M_1$  skal festa merkin um EBE-lokasannprófun á blyið sem lokar stillihólfi eða á botn lóðsins ef stillihólf er ekki fyrir hendi.

11. **Frágangur**

11.1. Stök lóð og raðir lóða í flokkum  $E_1$ ,  $E_2$ ,  $F_1$  og  $F_2$  skulu vera í kössum.

11.2. Í flokki  $M_1$  skulu

- stök lóð eða raðir lóða með gildi allt að 500 grömm vera í kössum,
- lóð sem hafa nafngildi meira en 500 grömm vera í kössum, í standi eða stök án hlífar.

11.3. Á lokum kassanna skal sjást í hvaða flokki lóðin í þeim eru:  $E_1$ ;  $E_2$ ;  $F_1$ ;  $F_2$ ;  $M_1$ .

---